



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 4. maí 2018
2018020003

Efni: Umsögn bæjarstjórnar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða

Hér með tilkynnist eftirfarandi ályktun frá 417. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var 3. maí sl., þar sem tekin var fyrir beiðni Alþingis um umsögn við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál:

„Á 497. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 25.04.2018 var lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 20. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál. Umsagnarfrestur er til 4. maí nk.

Á 1015. fundi bæjarráðs var bæjarstjóra falið að gera umsögn við frumvarpið og leggja til við bæjarstjórn og er tillagan lögð fram undir þessum lið.

Til máls tóku: Kristján Andri Guðjónsson, forseti og Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri.

Kristján Andri Guðjónsson leysir Nanný Örmu Guðmundsdóttur af sem forseti.

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um skipulag haf- og strandsvæða:

"Ísafjarðarbær skorar á Alþingi að hafna framlögðu frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða nema sú breyting verði gerð að skipulagsvald yfir strandsvæðum fari til sveitarfélaganna. Betra verður að hafa engin lög en þessi, sem færa þetta skipulagsvald til ríkisstofnana og embættismanna þeirra í höfuðborginni.

Skipulagsvald sveitarfélaga er ein af grunnstöðum þeirra og fá verkfæri eru betur til þess fallin að gera sveitarfélögum kleift að móta sér framtíðarstefnu. Ísafjarðarbær telur í því ljósi að skipulagsvald yfir strandsvæðum ætti að fela sveitarfélögum og skilja það þannig frá skipulagsvaldi yfir hafsvæðum sem ætti að vera á hendi ríkisvaldsins. Slikt fyrirkomulag er í eðlilegu og nauðsynlegu samhengi við skipulagsvald sveitarfélaga og styrkir um leið staðbundna sjálfbæra samfélagsþróun, náttúruvernd, atvinnulíf og atvinnuþróun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum fer forgörðum kjörið tækifæri til valdeflingar sveitafélaga og eflingu þátttökulyðræðis. Það gæti orðið mikill drifkraftur í því verkefni að móta stefnu um skipulag strandsvæða ef frumkvæði heimamanna væri virkjað með því að færa þeim verkefnið. Búast má við að lærdómsferli íslensks samfélags verði hraðara ef fjölmörg sveitarfélög nálgast verkefnið á mismunandi forsendum, en þó á sama grunni og unnið er að skipulagi í dag.

Í samfélaginu er mikil umræða um aukið íbúalýðræði. Nærtæk leið til að auka íbúalýðræði er að beina því m.a. í gegnum þann farveg sem nefndir sveitarfélaga og skipulagslög hafa þegar búið til. Metnaðarfull sveitarfélög hafa, undir eftirliti Skipulagsstofnunar, gert vandaðar skipulagsáætlanir á borð við aðalskipulag sveitarfélaga. Slík vinna er bæði samfélagslega eflandi og lýðræðisleg.

Svæðisráð er, samkvæmt frumvarpinu, að mestu skipað fulltrúum ráðuneyta sem jafnframt fara með formennsku, Skipulagsstofnun sér hinsvegar um gerð skipulagsins í umboði svæðisráðs. Strandsvæðaskipulag sem með þessum hætti er unnið frá höfuðborgarsvæðinu býður heim hættunni á að það missi mikilvæga tengingu við staðinn sem verið er að skipuleggja.

Samkvæmt frumvarpinu verður skörun milli aðalskipulags sveitarfélaganna og strandsvæðaskipulags á tiltölulega stóru svæði, þar sem strandsvæðaskipulagið nær 30m upp á land frá stórstraumsflóði og aðalskipulag 115m út í sjó frá stórstraumsfjöru (skv. jarðarlögum). Þetta gefur stórt svæði við strandlínuna sem er óvíst hvort sveitarfélag stýri eða hvort strandsvæðaskipulagið geti yfirstýrt í ósamræmi við það sem er nú þegar tiltekið í Aðalskipulagi. Þetta svæði gæti skapað ágreiningsmál í framtíðinni.

Víða um heim eru strandsvæðin innan einnar sjómílu utan við grunnlínu á skipulagsvaldi sveitarfélaga - þannig er það í Noregi. Í Svíþjóð og Finnlandi eru skipulagsmörk sveitarfélaga 12 sjómílu utan grunnlínu. Að auki miðast Vatnatilskipun Evrópusambandsins við eina sjómílu utan við grunnlínu. Það er tæpast nokkur ástæða til þess fyrir Íslendinga að halda í flókna og svifaseina miðstýringu að svo miklu leyti sem hægt er að greiða úr málum með skipulagsvaldi sveitarfélaga og því íbúalýðræði sem því fylgir. Gera má ráð fyrir að skipulagsmál yrðu skilvirkari, heildstæðari og einfaldari ef skipulagsvald á strandssvæðum yrði fært til sveitarfélaga.

Eftirfarandi breytingar á frumvarpinu væru til bóta, þó að þær séu veginn fullnægjandi til þess að Ísafjarðarbær geti fallist á að frumvarpið verði að lögum:

- a) Að kveðið yrði á um að stefnt skuli að tilraunum með að færa vald yfir strandsvæðaskipulagi til sveitarfélaga, jafnvel þó að á öðrum stöðum verði svæðisráð rekin samhliða. Sveitarfélög á Austfjörðum og Vestfjörðum liggja sennilega best við þessari tilraun þar sem mikil umræða hefur farið fram á þeim svæðum um þessi mál og góð reynsla komin á skipulagsferli og áætlanir.
- b) Að í svæðisráði sem kveðið er á um í frumvarpinu hafi aðliggjandi sveitarfélög aukið vægi í svæðisráðinu og að öll sveitarfélög sem ráða ströndum aðliggjandi strandsvæðaskipulagi eigi minnst einn fulltrúa í svæðisráði."

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0."

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari